

Á L I T
RAFORKUNEFNDAR NORÐUR- OG AUSTURLANDS
1966-1967

Reykjavík
desember 1967

Á L I T
RAFORKUNEFNDAR NORÐUR- OG AUSTURLANDS
1966-1967

Reykjavík
desember 1967

Reykjavík 3. desember 1967

Hr. raforkumálaráðherra
Ingólfur Jónsson

ARNARHVOLI

Með bréfum dags. 6. júní 1966 og 6. janúar 1967 skipuðu þér, hæstvirtur ráðherra, nefnd til að "gera nákvæma athugun, tæknilega og fjárhagslega, á þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið um viðbótarvirkjun í Laxá í Þingeyjar-sýslu. Jafnframt skal nefndin athuga hin ýmsu úrræði til lausnar á raforkuþörf Austurlands og Norðurlands vestra til að fá úr því skorið, hvort hagkvæmt sé að tengja þessi orkuveitusvæði Laxárvirkjun".

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:


Jakob Gíslason, raforkumálastjóri, Reykjavík form.
Arnbór Þorsteinsson, verksm.stj., Akureyri
Bjarni Bragi Jónsson, deildarstj., Reykjavík
Jóhann Salberg Guðmundsson, sýslum., Sauðárkróki
Jón Ísberg, sýslumaður, Blönduósi
Jón Helgason, rafv.stj., Egilsstöðum
Knútur Otterstedt, rafv.stj., Akureyri
Reynir Zoega, verkstjóri, Neskaupstað
Sigurgeir Jónsson, hagfræðingur, Reykjavík
Valgarð Thoroddsen, rafmagnsv.stj., Reykjavík

Með bréfi dags. 26. okt. 1967 skipuðu þér Garðar Guðnason, rafvirkja, Fáskrúðsfirði, í nefndina í stað Jóns Helgasonar, sem farið hafði til langdvalar erlendis.

Nefndin hefur fyrir hentugleika sakir tekið sér vinnu-
heitið "Raforkunefnd Norður- og Austurlands 1966-1967"

Nefndin hefur nú lokið störfum, og leyfir sér hér með að senda yður, hæstvirtur raforkumálaráðherra, niðurstöður sínar og tillögur í meðfylgjandi nefndaráliti.


Allra virðingarfyllst,




Jakob Gíslason
formaður




Arnþór Þorsteinsson




Bjarni Bragi Jónsson



Garðar Guðnason




Jóhann Salberg Guðmundsson




Jón Ísberg




Knútur Otterstedt



Reynir Þóge



Sigurgeir Jónsson



Valgarð Thorddsen

Álít nefndar þeirrar, sem ráðuneytið skipaði hinn 6. júní 1966 til athugunar á áætlunum um viðbótarvirkjun í Laxá og úrræðum í raforkumálum Austurlands og Norðurlands vestra. (Raforkunefndar Norður- og Austurlands 1966-67)

Reykjavík des. 1967

E F N I S Y F I R L I T

NEFNDARÁLIT

Niðurstöður og tillögur	bls.	1
Inngangur	-	1
Niðurstöður	-	2
1. Laxársvæðið	-	2
2. Austurland og Norðurland vestra	-	3
3. Samtengt svæði	-	3
Tillögur	-	4
Laxársvæðið	-	4
Austurland og Norðurland vestra	-	4
Greinargerð	-	6
Núverandi ástand	-	6
Athuganir og áætlanir	-	7
Laxársvæðið	-	7
Austurland og Norðurland vestra	-	7
Sameiginleg virkjun	-	8
Stofnkostnaður	-	10
Tímaáætlun um samtengingu	-	11
Tímaáætlun um virkjun	-	12

FYLGISKJÖL

- Fylgiskjal 1 Samanburður á orkukostnaði frá mismunandi orkuvalkostum fyrir Austurland (tafla og línurit)
- " 2 Samanburður á orkukostnaði frá mismunandi orkuvalkostum fyrir Norðurland vestra (tafla)
- " 3 Samanburður orkuvalkosta fyrir samtengt svæði (tafla)
- " 4 Umreikningur á áætluðum stofnkostnaði Lagarfossvirkjunar til verðlags í ársbyrjun 1968.
- " 5 Umreikningur á áætluðum stofnkostnaði línu Laxá-Egilsstaðir til verðlags í ársbyrjun 1968.
- " 6 Umreikningur á áætluðum stofnkostnaði Gljúfurversvirkjunar í Laxá til verðlags í ársbyrjun 1968.
- " 7 Umreikningur á áætluðum stofnkostnaði 5 og 15 MW jarðgufustöðva til verðlags í ársbyrjun 1968.
- " 8 Umreikningur á áætluðum stofnkostnaði Svartárvirkjunar til verðlags í ársbyrjun 1968.
- " 9 Umreikningur á áætluðum stofnkostnaði línu Akureyri-Sauðárkrókur til verðlags í ársbyrjun 1968.
- " 10 Endurskoðuð áætlun um stofnkostnað 500 kW dísilstöðva.
- " 11 Umreikningar á eldri áætlun um stofnkostnað 500 kW dísilstöðva til verðlags í ársbyrjun 1968.
- " 12 Rekstrarkostnaður orkumannvirkja.
- " 13 Áætlaður stofnkostnaður tveggja áfanga Lagarfossvirkjunar, 13,2 MW, og eins áfanga virkjunar af mismunandi stærð (tafla og línurit)
- " 14 Stofnkostnaður línu Laxá-Egilsstaðir.
- " 15 Stofnkostnaður 5 og 15 MW jarðgufustöðva.
- " 16 Stofnkostnaður línu Akureyri-Sauðárkrókur.
- " 17 Stofnkostnaður Svartárvirkjunar.
- " 18 Línurit yfir orkukostnað frá Lagarfossvirkjun fyrir Austurland, eftir virkjunarstærð og orkuspám.

- Fylgiskjal 19 Línurit yfir orkukostnað frá ýmsum orkuvalkostum fyrir samtengt svæði, eftir virkjanastærð og orkuspám.
- " 20 Orkuspár (töflur)
- " 21 Samanburður á nokkrum orkuspám fyrir Austurland (línurit)
- " 22 Yfirlit yfir varaaflikröfur, sem reiknað er með.
- " 23 Skrá um áætlanir og greinargerðir varðandi raforkumál Norður- og Austurlands.
- " 24 Reiknilíkan til ákvörðunar á orkukostnaði frá hlutfallslega stórum orkuöflunarvalkostum (lýsing)
- " 25 Umsagnir dr. Fredriks Vogt um virkjunaráætlanir í Laxá, Lagarfossi og Svartá.

NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR

Inngangur

Valkostir þeir, sem nefndin hefur tekið til athugunar eru þessir:

Fyrir Laxárvæðið: 1. Efstafallsvirkjun í Laxá
 2. Gljúfurversvirkjun í Laxá

Fyrir Austurland: 1. Lagarfossvirkjun
 2. Tenging við Laxárvæðið

Fyrir Norðurland vestra: 1. Virkjun Svartár í Skagafirði
 2. Tenging við Laxárvæðið.

Fyrir samtengt svæði Norðurland
vestra, - Laxárvæðið, -

Austurland: 1. Efstafallsvirkjun í Laxá
 2. Gljúfurversvirkjun í Laxá
 3. Lagarfossvirkjun
 4. Jarðgufuafllstöð við Námafjall

Farið hefur fram á vegum Laxárvirkjunarstjórnar ítarleg áætlanagerð um virkjun Laxár við Brúar. Raforkumálastjórnin og síðar Orkustofnun hefur látið gera rækilegar áætlanir um virkjun Lagarfoss og um hagkvæma skiptingu þeirrar virkjunar í áfanga. Ennfremur hefur Jónas Pétursson alþm. látið gera áætlanir um Lagarfossvirkjun. Rafveita Sauðárkróks hefur látið fram fara áætlanagerð um virkjun Svartár í Skagafirði. Raforkumálastjórn og Orkustofnun hafa látið gera áætlanir um tengilínur milli Laxárvæðisins og Austurlands og milli Laxárvæðisins og Norðurlands vestra. Loks

hefur raforkumálastjórn og Orkustofnun látið gera áætlanir um jarðgufuaflostöð við Námafjall.

Raforkumálastjórnin og Orkustofnun hafa framkvæmt umfangsmikla útreikninga á hagkvæmni einstakra valkosta á grundvelli framangreindra áætlana og mismunandi forsendna um þróun raforkunotkunarinnar á einstökum svæðum.

Allar þessar áætlanir og athuganir hefur nefndin fengið í hendur jafnóðum. Hún hefur rætt þær á fundum sínum og látið gera margskonar útreikninga og viðbótarathuganir eftir óskum einstakra nefndarmanna.

Nefndin hefur leitað ráðuneytis dr. Fredrik Vogt, fyrrv. forstjóra Norges Vassdrags- og Elektrisitetsvesen, um framkomnar áætlanir um viðbótarvirkjun í Laxá, og hefur stuðst við umsagnir hans í athugunum sínum. Dr. Vogt fékk sömu leiðis til umsagnar áætlanir um Lagarfossvirkjun og Svartárvirkjun. Hann sat einn fund með nefndinni. (Umsagnirnar fylgja sem fylgiskjal).

Nefndin hefur haldið 12 fundi. Til starfa milli nefndarfunda var skipuð sérstök undirnefnd fjögurra nefndarmanna.

Niðurstöður

1. Laxárvæðið

Niðurstöður nefndarinnar varðandi Laxárvæðið eru á þá lund, að áætlanir stjórnar Laxárvirkjunar séu tæknilega og fjárhagslega fullnægjandi grundvöllur til að taka ákvörðun um næstu virkjun.

Hagkvæmasta vatnsaflsvirkjunin fyrir svæðið er Gljúfurversvirkjun í Laxá.

Athugun á jarðgufuaflostöð fyrir Laxárvæðið sérstaklega hefur eigi farið fram; en nefndin vill í því sambandi vísa til þess, sem sagt er um jarðgufustöð fyrir samtengt svæði hér að neðan.

2. Austurland og Norðurland vestra

Niðurstöður þeirra athugana, sem nefndin hefur gert á ýmsum úrræðum til lausnar á raforkuöflunarmálum Austurlands og Norðurlands vestra, eru þær, að fjárhagslega hagkvæmasta lausnin, þ.e.a. sú sem gefur ódýrasta raforku, sé að tengja þessi svæði við Laxárvæðið og að virkja fyrir allt þetta samtengda svæði í einu lagi.

3. Samtengt svæði

Athuganir nefndarinnar sýna ennfremur að fjárhagslega hagkvæmasta vatnsaflsvirkjun fyrir þessi svæði þannig samtengd er Gljúfurversvirkjun í Laxá.

Jafnframt sýna athuganir Orkustofnunar, sem nefndin hefur fengið í hendur, að frá jarðgufuaflostöð af mótþrýstigerð af hæfilegri stærð er staðsett væri á jarðhitasvæðinu við Námafjall virðist vera unnt að fá ódýrari raforku en frá vatnsaflsstöðvum á þessu svæði, að því tilskildu að forsendur athugunarinnar um nægjanlega gufu með hæfilegu hitastigi og um rekstursöryggi slíkra stöðva, standist. Vissa um að þessar forsendur standist verður aðeins fengin með því að reisa og reka stöð af þessari gerð, þar eð engar slíkar stöðvar hafa enn verið reistar hérlandis. Erlend reynsla og þekking okkar á jarðhitasvæðinu við Námafjall er þó af sérfræðingum Orkustofnunar eindregið talin benda til, að áður nefndar forsendur standist.

Það er skoðun nefndarinnar að meðan hérland reynsla af rekstri mótþrýsti-jarðgufuaflostöðvar liggur ekki fyrir sé ekki unnt að bera slíkar stöðvar algerlega saman við vatnsaflsstöðvar í athugun sem þessari. Hins vegar telur nefndin að

athuganir hennar sýni, að það sé brýnt hagsmunamál raforku-
iðnaðarins að afla slíkrar reynslu með því að reisa og reka
slíka stöð. Meðan á tilraunarekstri slíkrar stöðvar stendur,
fengist frá henni raforka, sem sjálfsagt er að nýta.

Tillögur

Tillögur nefndarinnar eru þessar:

Laxársvæðið:

1. Að undirbúningi Gljúfurversvirkjunar í Laxá verði haldið
áfram (upplýst er að sú virkjun verði fullbúin til útboðs
síðari hluta vetrar 1967-1968).
2. Samtímis verði unnið að undirbúningi tilraunajarðgufu-
stöðvar við Námafjall, og slíkri stöð komið upp sem fyrst,
enda beri boranir árangur. Borað verði eftir jarðgufu til
stöðvarinnar vorið 1968, og mælingar og prófanir á borholum
framkvæmdar.

Austurland og Norðurland vestra.

Um tillögur varðandi Austurland og Norðurland vestra hefur
nefndin ekki getað orðið sammála.

3. Nefndarmennirnir Steindór Steindórsson (sem setið hefur
þrjá síðustu fundi nefndarinnar, hinn 1., 2. og 3. des.
1967 sem varamaður Arnþórs Þorsteinssonar), Bjarni Bragi
Jónsson, Jakob Gíslason, Knútur Otterstedt og Sigurgeir Jónsson
leggja til að Grímsársvæðið verði tengt við Laxársvæðið með
háspennulínu milli Laxárvirkjunar og Egilsstaða á Völlum,
og Norðurland vestra við Laxársvæðið með háspennulínu milli
Akureyrar og Sauðárkróks.

Áður en ráðist er í lagningu þeirra tengilína er að framan
greinir verði gerður sérstakur samningur milli Laxárvirkjunar
og Rafmagnsveitna ríkisins um orkuviðskipti um línurnar.

4. Nefndarmennirnir Garðar Guðnason, Jóhann Salberg Guðmundsson Jón Ísberg, Reynir Zöega og Valgarð Thoroddsen telja rétt að ráðist verði fyrst í virkjun Lagarfoss fyrir Austurland og síðar fari fram tenging milli virkjana á Austurlandi og Laxárvæði, þegar þróun raforkunotkunarinnar gefur tilefni til þess. Nánari athugun fari fram á valkostum fyrir Norðurland vestra, virkjun Svartár eða tenging við Laxárvæðið.

Varðandi þann valkost að virkja aðeins á einum stað, þ.e. Gljúfurversvirkjun 1. áfangi 6.6 MW, og flytja orkuna þaðan til austurs og vesturs, vilja greindir nefndarmenn benda á eftirfarandi:

- 4.1 Forsenda þess að slíkur valkostur sé ódýrastur fyrir hlutaðeigandi landshluta er, að Laxárvirkjun geti fallizt á að gera orkusölusamning til langs tíma þar sem verð orkunnar inn á þessar tengilínur sé aðeins hluti af því verði, sem virkjunin þarf að reikna sér við sölu til þeirra héraðsrafmagnsveitna, sem næstar eru virkjuninni, en slíkur samningur er ekki fyrir hendi og ekki vitað um möguleika til slíkrar samningsgerðar.
- 4.2 Langar orkuflutningslínur um óbyggt hálendi eru tafsamar til viðgerða og krefjast því varaafls á endum línanna.
- 4.3 Samrekstur lítilla raforkuvera um langar háspennulínur (Grímsá í austri, Gönguskarðsá og Laxárvatn í vestri) getur valdið rekstrartruflunum.
- 4.4 1. áfangi Gljúfurvers, 6.6 MW, virðist full lítill til að mæta fyrstu aukningum raforkunotkunar, svo og til að leysa þær dísilvélar af hólmi, sem nú eru í stöðugum rekstri á svæðinu.

G R E I N A R G E R ÐNúverandi ástand

Þau orkuver, sem nú eru í rekstri á svæðunum eru þessi:

Laxársvæðið:

Vatnsaflsvirkjanir í Laxá	12560 kW	
Dísilstöð á Akureyri	4000 -	<u>16560 kW</u>
(Stækkun um 3500 kW ákveðin sumarið 1968)		

Norðurland vestra:

Vatnsaflsvirkjanir: Gönguskarðsá	1064 kW	
Laxárvatn	464	1528 kW
Dísilstöðvar: Sauðárkróki	1400 kW	
Laxárvatni	500 -	
Skagaströnd	200 -	2100 -
		<u>3628 kW</u>

(Stækkun dísilstöðvar á Laxárvatn um
500 kW ákveðin vorið 1968)

Utan þessa samtengda svæðis, eru svo vatnsaflsvirkjanir við Skeiðsfoss 3200 kW og Garðsá 174 kW. Þessi tvö vatnsorkuver eru samtengd.

Austurland:

Vatnsaflsvirkjanir Grímsá	2800 kW	
Fjarðará	160 -	
Búðará	240	3200 kW
Dísilstöðvar: Neskaupstað	3100 kW	
Seyðisfirði	3700 -	
Fáskrúðsfirði	860 -	
Borgarfirði	305	7965 -
		<u>11165 kW</u>

Utan hins samtengda svæðis á Austurlandi eru einnig neðan- greindar dísilstöðvar, en viðkomandi staði má síðar tengja inn á hið sameiginlega kerfi Austurlands:

Dísilstöð Vopnafirði	1230 kW	
" Bakkafirði	100 -	
" Djúpavogi	510 -	1840 kW
		<u>1840 kW</u>

Athuganir og áætlanirLaxársvæðið

Athuganir nefndarinnar sýna, að Gljúfurversvirkjunin er hagkvæmari virkjun en Efstafallsvirkjun, og að Gljúfurversvirkjun er heppilegt að framkvæma í þremur áföngum. Í þeim fyrsta yrði byggt inntak, vatnsvegir og stöðvarhús fyrir fjóra áfanga og sett vél og rafbúnaður fyrir þrjá áfanga.¹⁾ Þetta ber sérstaklega að hafa í huga þegar stofnkostnaður fyrsta áfanga þeirrar virkjunar er metinn. Í öðrum áfanga yrði byggð stífla, en hún síðan hækkuð í fulla hæð í þriðja áfanga.

Austurland og Norðurland vestra

Athuganir nefndarinnar, sem styðjast við rannsóknir og áætlanir raforkumálastjórnarinnar og Orkustofnunar, sýna að fyrir Austurland yrði raforkuöflunin í framtíðinni 12-29% dýrari með sérvirkjun í Lagarfossi fyrir Austurland eitt heldur en með tengingu við Laxársvæðið og að fyrir Norðurland vestra yrði raforkan 18-41% dýrari frá Svartárvirkjun en um línu frá Akureyri.

Framangreindar prósentutölur um orkukostnað eru við það miðaðar að allur ávinningur samtengingarinnar falli í hlut Austurlands og Norðurlands vestra, en að Laxársvæðið sé eins sett og ef engar tengingar eru gerðar. Með því að skipta ávinningnum milli beggja aðila í hvoru tilviki getur Laxársvæðið einnig fengið í sinn hlut ávinning af samtengingunni, en ávinningur hinna rýrnar að sama skapi. Þessi skipting kemur fram í því verði, sem orkanfæst við inn á tengilínurnar. Um það þurfa að sjálfsögðu að fara fram samningar milli aðila áður en í línulagnirnar er ráðist, svo sem fram kemur í tillögum nefndarinnar.

¹⁾ Í fjórða áfanga verður bætt við annari vélasamstæðu í virkjunina. Vinnslugeta þeirrar samstæðu verður ekki fullnýtt fyrr en rennsli Laxár hefur verið aukið með því að veita í hana vatni úr Suðurá.

Hvað hlutfallið verður í reynd innan þeirra marka, sem nefnd voru fer fyrst og fremst eftir vöxtum af stofnfé og þróun raforkunotkunarinnar, og samspili þessara þátta (háir vextir og hæg þróun; háir vextir og hröð þróun o.s.frv.). Athugunin hefur verið framkvæmd fyrir fjölmargar og mjög mismunandi orkuspár; með og án húshitunar með raforku. Miðað við þá orkuspá, sem virðist einna líklegust yrði hlutfallið 17-21%, sem Lagarfossorkan er dýrari.

Framangreindar tölur, eru við það miðaðar, að tengilínurnar séu af algerlega hefðbundinni gerð, með þremur vírum. Athuganir raforkumálastjórnarinnar og Orkustofnunar benda hins vegar til að til greina komi að hafa tengilínurnar af svonefndri TVJ-gerð þar sem jörðin er notuð sem þriðji leiðir, en einungis tveir vírar hengdir á staurana. Stofnkostnaður tengilínanna, ásamt endabúnaði myndi við það lækka borið saman við þriggja víra línur.

Nefndinni hefur eigi þótt rétt að taka afstöðu til þess í tillögum sínum, hvor línugerðin yrði valin, með því að rannsóknum Orkustofnunar á þessu er enn eigi fulllukið. Hún hvetur hins vegar eindregið til að þeim verði hraðað svo að þeim verði að fullu lokið áður en til framkvæmda kemur við línulagnir þessar og vekur athygli á þeim umtalsverða sparnaði, sem þarna er eftir að sækjast.

Sameiginleg virkjun

Frá Lagarfossvirkjun yrði raforkan inn á samtengda kerfið 8-23% dýrari en frá Gljúfurversvirkjun, minnstur munur við hæga orkuspá; meiri við hraðari.

Fyrir hið samtengda svæði gefur hins vegar jarðgufuvirkjun, 15 MW, ódýrasta raforku. Raforka frá Gljúfurversvirkjun í Laxá inn á samtengda kerfið yrði 40-51% dýrari en þetta, og frá Lagarfossvirkjun 56-81% dýrari.

En með því, að ekki liggur fyrir hérland reynsla af rekstri jarðgufustöðva telur nefndin ekki rétt að leggja til að ráðist verði í svo stóra jarðgufustöð við Námafjall í tilraunaskyni þar eð öruggt verður að vera, að stöðin sé eigi stærri en svo, að nægilegt varaafli sé á kerfinu til að mæta tímabundnum reksturstruflunum og að hugsanlegar rekstursstöðvanir hennar geti eigi orðið raforkukerfinu á Norður- og Austurlandi tilfinnanlegt áfall. Þrjú til fimm MW virðist nefndinni myndi verða hæfileg stærð slíkrar stöðvar við Námafjall í fyrstu.

Megintilgangurinn með byggingu og rekstri jarðgufustöðvar við Námafjall er að dómi nefndarinnar sá, að afla reynslu af rekstri jarðgufurafstöðvar við aðstæður á Námafjallssvæðinu og jafnframt almennt hérlandis. Slíkrar reynslu er að dómi nefndarinnar orðið aðkallandi að afla, með tilliti til þeirra möguleika á vinnslu ódýrrar raforku, sem athuganir þar er nefndin hefur stuðst við benda til að slíkar stöðvar gefi. Jarðgufustöðin yrði því tilraunastöð fyrst og fremst. Á hinn bóginn virðist ástæðulaust annað en að notfæra sér þá raforku, sem frá slíkri stöð kemur meðan á tilraunarekstri stendur. Landfræðileg lega Námafjallssvæðisins og þörfin á raforku á Norður- og Austurlandi á næstu árum hafa í för með sér að tiltölulega auðvelt er að nýta orku slíkrar tilraunajarðgufustöðvar þar.

Þótt nefndin telji rétt að sameina reynsluöflun á rekstri jarðgufustöðva og öflun raforku fyrir Norður- og Austurland, þá verður að telja óeðlilegt, að raforkuiðnaðurinn á því svæði sérstaklega taki á sig fjárhagsáhættu af slíkri reynsluöflun. Reynslan, sem fæst, kemur öllum að gagni; ekki Norður- og Austurlandi eingöngu. Hugsanlega áhættu ber því samfélaginu í heild að taka. Þetta ber að líta á sem forsendu fyrir tillögu nefndarinnar um að sameina tilraunarekstur jarðgufustöðvar og raforkuöflun til almenningsþarfa á þann hátt, sem hér hefur verið gert.

Stofnkostnaður

Stofnkostnaður þeirra mannvirkja er hér um ræðir er áætlaður sem hér segir á verðlagi í ársbyrjun 1968, án aðflutningsgjald og söluskatts, en að meðtöldum vöxtum á byggingartíma miðað við 7% ársvexti.

Mannvirki	Áætlaður stofnkostnaður Mkr.			
	1. áfangi	2. áfangi	3. áfangi	Alls
1. Gljúfurversvirkjun ¹⁾ 22,8 MW (6,6+8,3+7,9)	168	76	66	310
2. Lagarfossvirkjun 13,2 MW í tveimur 6.6 MW áföngum	136 ²⁾	67	.	203
3. Sama í einum áfanga	193	.	.	193
4. Svartárvirkjun, 3.8 MW	61	.	.	61
5. 5 MW jarðgufuorkuver	46	.	.	46
6. 15 MW jarðgufuorkuver	71	.	.	71
7. Háspennulína Laxá- Egilsstaðir, 165 km, 132 kV, þriggja víra, flutningsgeta 21 MW við 5% afltöp	87	.	.	87
8. Háspennulína Akureyri-Sauðárkr. 112 km; 66 kV, þriggja víra flutningsgeta 7 MW við 5% afltöp	45	.	.	45
9. Ný háspennulína Laxá- Akureyri	25	.	.	25

Samkvæmt þessu yrði stofnkostnaður þeirra orkuvera og/eða flutningslína milli landshluta, sem um er að ræða að ráðast í nú alveg á næstunni (næstu 5 árum eða svo) sem hér segir:

1) Samkvæmt áætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen frá apríl 1967, og miðað við 148,5 m vatnsborðshæð í lóni. Ennþá er unnið að áætlunargerð um Gljúfurversvirkjun, og endanlegar stofnkostnaðartölur liggja ekki fyrir í desember 1967. Ekki er búizt við að endanlegar tölur raski hagkvæmnissamanburði þeim sem sýndur er í þessari skýrslu.

2) Valgarð Thoroddsen telur samkvæmt athugun Rafmagnsveitna ríkisins, að reikna megi stofnkostnað 14,9 MW Lagarfossvirkjunar er gerð væri í tveimur 7,45 MW áföngum 127 Mkr í fyrri áfanga.

1. Tilraunajarðgufustöð (5 MW)		46 Mkr.
2. og enn fremur stofnkostnað eins af neðantöldum valkostum:		
1. Ef tengt er bæði austur og vestur:		
Háspennulína Laxá-Egilsstaðir	87 Mkr.	
Háspennulína Akureyri-Sauðárkrókur	45 -	
Fyrsti áfangi Gljúfurvers	<u>168 -</u>	300 Mkr.
2. Ef tengt er austur en ekki vestur		
Háspennulína Laxá-Egilsstaðir	87 Mkr.	
Svartárvirkjun 3,8 MW	61 -	
Fyrsti áfangi Gljúfurvers	<u>168 -</u>	316 Mkr.
3. Ef tengt er vestur en ekki austur:		
Háspennulína Akureyri-Sauðárkrókur	45 Mkr.	
Fyrsti áfangi Lagarfossvirkjunar (6,6 MW í áfanga, en stofnkostn. stíflu og aðrennslisskurður fyrir tvöfalt stærri stöð meðtalinn í 1. áfanga).	136 Mkr.	
Fyrsti áfangi Gljúfurvers	<u>168 -</u>	349 Mkr.
4. Ef hvorki er tengt austur né vestur:		
Fyrsti áfangi Lagarfoss	136 Mkr.	
Svartárvirkjun	61 -	
Fyrsti áfangi Gljúfurvers	<u>168 -</u>	365 Mkr.

Tímaáætlun um samtengingu

Með tengingu allra svæðanna í eitt orkusvæði nýtast núverandi vatnsorkuver betur en ella. Þannig sýna athuganir að vinnslu þeirra vatnsorkuvera, sem fyrir eru má auka um 6-7 GWh á ári vegna samtengingarinnar einnar saman, og minnka vinnslu dísilstöðvanna um sama magn. Samtímis minnkar heildaraflþörfin um 2-3 MW vegna þess, að álagstoppur svæðanna þriggja koma ekki alveg samtímis. Báðar þessar tölur eru miðaðar við orkuspá 125, sem svo er nefnd, þ.e. hröðustu orkuspána, fyrir samtengda svæðið. Við aðrar orkuspár breytast þessar tölur að vísu, en áhrifanna gætir í sömu átt og áður. Jafnframt þessu nýtist varaaflið betur eftir tenginguna en fyrir hana.

Á þennan hátt kæmu tengilínurnar að nokkru gagni áður en nýjar virkjanir eru teknar til starfa.

Áætlað er, að lagning tengilínanna taki um tvö ár, þannig að verði þær boðnar út síðari hluta vetrar 1967-68 geti þær verið komnar í gagnið haustið 1969.¹⁾

Tímaáætlun um virkjun

Virkjanir þær, sem tillögur nefndarinnar fjalla um gætu komið til framkvæmda sem hér segir:

Jarðgufustöðin. Með því að nota veturinn í vetur til undirbúnings og framkvæma borun strax að vori má gera ráð fyrir að öllum nauðsynlegum samningum og undirbúningi til að hefjast handa um byggingu orkuversins geti orðið lokið um mánaðarmótin október-nóvember 1968. Áætlað er, að verkinu yrði þá lokið á 21 mánuði, þannig að stöðin gæti tekið til starfa haustið 1970.

Gljúfurver. Framkvæmd fyrsta áfanga virkjunar Gljúfurvers tekur innan við 2 1/2 ár frá því útboð er gert þar til vinnsla raforku getur hafizt. Verði hún boðin út sumarið 1968, getur Gljúfurver hafið raforkuvinnslu fyrir árslok 1970.


Lagarfoss. Áætlað er, að framkvæmd fyrsta áfanga Lagarfossvirkjunar taki um 2 ár frá því að útboð er gert. Verði virkjunin boðin út síðari hluta vetrar 1967-68 gæti hún hafið vinnslu fyrri hluta árs 1970.

Svartárvirkjun. Framkvæmdin er talin taka um tvö ár, þannig að fari útboð fram síðari hluta vetrar 1967-68 getur virkjunin tekið til starfa fyrri hluta árs 1970.

1) Reynir Zoëga telur að í báðum línu tilvikunum (lína Laxá-Egilsstaðir og Akureyri-Sauðárkrókur), þar sem talað er um tímunn "um tvö ár" verði tímunn frá útboði reiknaður á sama hátt og við virkjanirnar, þannig að línurnar verði taldar koma í gagnið fyrri hluta árs 1970.

Samkvæmt athugunum nefndarinnar er óhjákvæmilegt að ráðast í nývirkjanir og/eða tengilínur á Norður- og Austurlandi á næstu 5-6 árum. Nefndin telur þó rétt, að áður en gerð er framkvæmdaáætlun um þau mannvirki sem ráðist verður í fari fram nánari athugun til að tímasetja hverja framkvæmd endanlega. Nákvæma tímasetningu einstakra framkvæmda hefur nefndin talið vera utan við verksvið sitt.


Reykjavík 3. des. 1967




Jakob Gíslason
formaður




Arnþór Þorsteinsson




Bjarni Bragi Jónsson



Garðar Guðnason




Jóhann Salberg Guðmundsson




Jón Ísberg




Knútur Otterstedt



Reynir Þöega



Sigurgeir Jónsson



Valgarð Thorddsen

RAFORKUMÁL NORÐUR- OG AUSTURLANDS
SAMANBURÐUR Á ORKUKOSTNAÐI FRÁ
MISMUNANDI ORKUVALKOSTUM FYRIR
AUSTURLAND
VERÐGRUNÐVÖLLUR: JAN. 1968
JB/SP/sg

16.12.67


	Orkusþá 5		Orkusþá 8		Orkusþá 3	
	6%	8%	6%	8%	6%	8%
(1) Áætlaður raunverulegur umframkostnaður Laxárvirkjunar vegna sölu austur, au/kWh	10	12	8,5	11	8,5	11
Lagarfossvirkjun 13,2 MW, 2 áf. au/kWh	29,6	38,6	34,4	46,1	79,6	112,6
Lína, 21 MW, við (1)* au/kWh	26,5	34,4	28,5	39,4	61,6	87,4
$\frac{La}{Lí}$ %	112	112	121	117	129	129
Jafngildisorkukostn. frá Laxá au/kWh	13,2	16,5	14,9	18,6	30,6	44,0

* Leiðrétt fyrir 0,92P sem vextir á byggingartíma, í stað 0,494P sem notað var, útreikn; þar sem P er ársvextir í %

Hlutfallslegur umfæmingskostnaður
 orku frá Lagarfossvirkjun umfram
 orku frá línu, %

k_{LA} = orkukostnaður frá Lagarfossi au/kWh

k_{LI} = " " línu



Orkustofnun
Raforkudeild

RAFORKUMÁL NORÐUR- OG AUSTURLANDS
SAMANBURÐUR Á ORKUKOSTNAÐI FRÁ
MISMUNANDI ORKUVALKOSTUM FYRIR
NORÐURLAND VESTRA
VERÐGRUNDVÖLLUR: Jan. 1968
JB/SP/sg

19. des. 1967

	Orkuspá 1		Orkuspá 2	
	6%	8%	6%	8%
(1) Áætlaður raunverulegur umframkostnaður Laxárvirkjunar vegna sölu vestur au/kWh	11	14,5	8,5	12
Svartárvirkjun 3,8 MW, au/kWh	45,7	58,7	40,3	51,6
Lína 7 MW við (1) au/kWh*	37,3	49,9	28,5	38,8
$\frac{\text{Sva}}{\text{LÍ}}, \%$	123	118	141	133
Jafngildisorkukostnaður frá Laxá au/kWh	21,4	25,6	21,7	26,8

* Leiðrétt fyrir 0,92P sem vextir á byggingartíma í stað 0,49P, sem notað var í útreikningum, þar sem P er vextir í %.

Orkustofnun
Raforkudeild

FYLGISKJAL 3

RAFORKUMÁL NORÐUR- OG AUSTURLANDS
SAMANBURÐUR ORKUVALKOSTA
FYRIR SAMTENGT SVÆÐI
VERÐGRUNÐVÖLLUR: JAN. 1968
JB/SP/sg

20.12.1967

	Orkuspa 125		Orkuspa 213	
	6%	8%	6%	8%
Gljúfurver 3ja áfanga au/kWh	20,2	26,5	24,6	32,9
Lagarfoss, 12 MW au/kWh	24,9	31,6	27,5	35,6
$\frac{\text{La}}{\text{Gljú}}$, %	123	119	112	108
Jarðgufustöð, 15 MW au/kWh	14,3	17,5	17,6	21,7
Jarðgufustöð, 5 MW au/kWh	24,1	28,4	24,4	28,7
$\frac{\text{Gljú}}{\text{Ja 15}}$, %	141	151	140	151
$\frac{\text{Gljú}}{\text{Ja 5}}$, %	84	93	99	115
$\frac{\text{La}}{\text{Ja 15}}$, %	174	181	156	164

VIRKJUN LAGARFOSS Í TVEIMUR ÁFÖNGUM
UMREIKNINGUR ÆTLUNAR TIL VERÐLAGS Í ÁRSBYRJUN 1968

7.12.67

	1. Ársbyrjun 1966			2. Ársbyrjun 1968			Ætluð hækkun frá 1. til 2. %
	Fyrri áfangi Mkr.	Seinni áfangi Mkr.	Samtals Mkr.	Fyrri áfangi Mkr.	Seinni áfangi Mkr.	Samt. Mkr.	
<u>Vinnsluvirki:</u>							
1. Stífla á neðra stíflustæði (áætl. S.Th. okt. 67)	21,44	-	21,44	25,08	-	25,08	17
2. Aðrennslisskurður (áætlun S.Th. júlí '67 með breyt. E.S.I. og J.B.)	7,18	-	7,18	8,40	-	8,40	17
3. Inntak og þrýstivatnsstokkar (áætl. S.Th. júlí '67)	6,77	6,97	13,74	7,99	8,22	16,21	18
4. Stöðvarhús og frárennsli (áætl. S.Th. júlí '67)	6,72	6,31	13,02	7,92	7,45	15,37	18
5. Vélar og rafbúnaður (áætl. S.Th. júlí '67) (6,6 MW)	21,00	19,80	40,80	27,30	25,74	53,04	30
6. Íbúðarhús stöðvarvarðar (1 vörður + gístaðstaða) (St. Ól. ág)	1,50	-	1,50	1,80	-	1,80	20
7. Vegagerð (umframkostn v. virkjunar eing.)	1,00	-	1,00	1,20	-	1,20	20
8. Innréttingar á vinnustað (áætl. S.Th. með breyt. E.S.I. og J.B.)	7,30	2,00	9,30	8,77	2,40	11,17	20
	72,90	35,08	107,98	88,46	43,81	132,27	
12% á (1) + (2) + (3) + (4) + (8)	5,93	1,84	7,77	6,98	2,17	9,15	
5% á (5)	1,05	0,99	2,04	1,37	1,29	2,66	
20% á (6) + (7)	0,50	-	0,50	0,60	-	0,60	
	80,38	37,91	118,29	97,41	47,27	144,68	
9% umsjónarkostnaður	7,23	3,41	10,64	8,77	4,25	13,02	
10. Undirbúningskostnaður til biðb.	2,50	-	2,50	2,93	-	2,93	17
11. Land, vatnsréttindi, bótagreiðslur og ýmisl.	4,00	1,00	5,00	4,72	1,18	5,90	18
Vinnsluvirki samtals	94,11	42,32	136,43	113,83	52,70	166,53	
Flutningsvirki	7,38	6,21	13,59	9,37	7,89	17,26	27
ALLS	101,49	48,53	150,02	123,20	60,59	183,79	

1.	2.	s.
21,4	-	24,9
	-	22,5

7.12.67

	<u>1.</u> Ársbyrjun 1966	<u>2</u> Ársbyrjun 1968	Áætluð hækkun frá 1. til 2. %
	Mkr.	Mkr.	
Efni án tolla	24,3	31,3	29
Vinna	15,2	17,2	13
Þóknun verktaka 20%	3,2	3,6	13
Varúðaráglag: 5% af efni	1,8	2,3	29
15% af vinnu	2,4	2,7	13
Hönnun	3,0	3,3	11
Endabúnaður við Laxá	6,8	9,0	32
Endabúnaður við Egilsstaði	7,0	9,2	32
Reactorar	2,5	3,3	32
SAMTALS	<u>66,2</u>	<u>81,9</u>	23,7

STÆKKUN LAXÁRVIRKJUNAR
GLJÓFURVER
UMREIKNINGUR ÁE TLUNAR TIL
VERÐLAGS Í ÁRSBYRJUN 1968

7.12.67

	1. Ársbyrjun 1966 Mkr.	2. Ársbyrjun 1968 Mkr.	Áætluð hækkun 1.-2. %
<u>1. Verkstig:</u>			
Vatnsvegir	53,0	62,0	17
Stöðvarhús	13,5	16,2	20
Innréttingar á vinnustað	8,0	9,6	20
Vegir og brýr	1,5	1,8	20
Vélar og rafbúnaður	45,0	58,5	30
Undirbúningsrannsóknir	4,0	4,7	17
	<u>125,0</u>	<u>152,8</u>	22,2
<u>2. Verkstig:</u>			
Innréttingar	6,5	7,8	20
Bergpétting	5,5	6,6	20
Hleðsla stíflu	27,5	32,2	17
Yfirfall og lokustrokkur	9,0	10,8	20
Jöfnunarþró	2,5	3,0	20
Skaðabætur	7,0	8,3	18
	<u>58,0</u>	<u>68,7</u>	18,4
<u>3. Verkstig:</u>			
Innréttingar	2,0	2,4	20
Bergpétting	1,5	1,8	20
Stífla	33,0	38,6	17
Yfirfall og lokustrokkur	11,0	13,2	20
Jöfnunarþró	3,5	4,2	20
	<u>51,0</u>	<u>60,2</u>	18,0
Samtals 1.-3. verkstig	234,0	281,7	20,4
Ath. 4. stig			

ÆTLUN UM 5 OG 15 MW JARÐGUFUSTÖÐ Á NÁMAFJALLI
UMREIKNINGUR ÆTLUNAR Á VERÐLAG Í ÁRSBYRJUN 1968

7.12.67

	1. Ársbyrjun 1966		2. Ársbyrjun 1968		Ætluð hækkun frá 1. til 2.
	5 MW	15 MW	5 MW	15 MW	
<u>Vinnsluvirki</u>	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	%
1. Innréttingar á vinnustað	0,60	0,60	0,72	0,72	20
2. Borholur, dýpt 700 m ásamt fóðrun á 2,00 Mkr./holu	8,00	12,00	9,68	14,52	21
3. Borholubúnaður, 0,4 Mkr. á virka borholu	1,20	2,00	1,43	2,38	19
4. Búnaður vegna prófana á borholum	0,20	0,30	0,24	0,36	19
5. Vegagerð og jarðvinna	0,40	0,80	0,48	0,96	20
6. Gufuæðar, uppsettar	2,10	5,50	2,54	6,66	21
7. Stöðvarhús með krana	1,60	1,90	1,95	2,32	22
8. Vélaundirstöður, gufuháfur o.fl.	1,00	1,90	1,29	2,45	29
9. Vélar og rafbúnaður í stöð	8,40	13,60	10,84	17,54	29
10. Uppsetning véla, prófanir þeirra og þjálfun gæzlumanna	0,60	0,70	0,68	0,79	13
Grunnkostnaður	24,10	39,30	29,85	48,70	
11. Ófyrirséð:					
10% af (1), (5), (7), (8), (10)	0,42	0,59	0,51	0,72	
20% af (2)	1,60	2,40	1,94	2,90	
5% af (3), (4), (6), (9)	0,59	1,07	0,75	1,35	
Beinn kostnaður	26,71	43,36	33,05	53,67	
12. Verkfræðipjónusta og eftirlit	2,00	2,65	2,22	2,94	11
13. Undirbúningsrannsóknir	0,40	0,50	0,47	0,59	17
14. Íbúðarhús stöðvarvarðar	1,30	1,30	1,56	1,56	20
Heildarkostnaður vinnsluvirkja	30,41	47,81	37,30	58,76	
<u>Flutningsvirki: (Prósentur innifaldar)</u>					
1. Spennistöð	4,40	5,40	5,59	6,86	27
2. Jarðstrengur frá stöð að spennistöð 1 km	1,00	2,30	1,26	2,90	26
Heildarkostnaður stöðvar	35,81	55,51	44,15	68,52	23,3 og 23,4

SVARTÁRVIRKJUN
ENDURSKOÐUN KOSTNAÐARAÐTLUNAR
TIL VERÐLAGS Í ÁRSBYRJUN 1968

7.12.67

	Ársbyrjun 1966 Mkr.		Ársbyrjun 1968 Mkr.
<u>Byggingarmannvirki</u>			
Jarðstífla	7,00	17%	8,19
Vatnsvegir	6,20	17%	7,25
Stöðvarhús	3,00	20%	3,60
Vegagerð	1,00	20%	1,20
Innréttingar	2,50	20%	3,00
Íbúðarhús	1,00	20%	1,20
	20,70		24,44
15% ófyrirséð	3,10		3,66
Vélar og rafbúnaður	11,50	30%	14,95
5% ófyrirséð	0,60		0,75
	35,90		43,80
Umsjón 9%	3,20		3,94
	39,10		47,74
<u>Flutningsvirki (með prósentum)</u>	6,20	27%	7,87
	45,30	22,8%	55,61

LÍNA AKUREYRI-SAUÐÁRKRÓKUR
UMREIKNINGUR KOSTNAÐARÁÆTLUNAR
Á VERÐLAG Í ÁRSBYRJUN 1968

12.12.67

	<u>1</u> Ársbyrjun 1966 Mkr.	<u>2</u> Ársbyrjun 1968 Mkr.	Áætluð hækkun 1.-2. %
Línan sjálf	27,84	33,69	21
Endabúnaður	6,52	8,61	32
	<u>34,36</u>	<u>42,30</u>	23,1

Orkustofnun

FYLGISKJAL 10

12.12.67

ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN UM STOFN-
KOSTNAÐ 500 kW DÍSILSTÖÐVA
AS/ESI/JB/SP/sg

	Verðl. í ársb. 1966 Mkr.	Hækkun %	Verðl. í ársb. 1968 Mkr.
Vélasamstæða, 1000 sn. (CIF)	1,45	34	1,94
Rafbúnaður (CIF)	0,45	34	0,60
Kælikerfi f. loftkælingu	0,30	34	0,40
Hús (ca. 100 m ³) og vélaundirstöður	0,21 [*]	20	0,25
Lóð; girðing etc.	0,08 [*]	13	0,10
Uppsetning (hagn. innifalinn)	0,22 [*]	13	0,25
	<u>2,71[*]</u>		<u>3,54</u>
+ 5% á vélasamstæðu, rafbúnað, og kælib. (2,94)	0,11 [*]		0,15
+ 15% á annað (0,60)	0,08 [*]		0,09
	<u>2,90[*]</u>		<u>3,78</u>
+ 9% umsjónar- og hönnunarkostn.	0,26 [*]		0,34
	<u>3,16[*]</u>	30,3	<u>4,12</u>
HEILDARKOSTN.	3,16 [*]		4,12
Pr. MW (Mkr.)	6,32 [*]		8,24

* Endurskoðað frá upprunalegri áætlun
sem var 5,62 Mkr/MW

7.12.66

	1 <u>Ársbyrjun 1966</u> kkr.	2 <u>Ársbyrjun 1968</u> kkr.	Áæt1. hækkun 1. 2. %
1. Vélasamstæða	1.450	1.943	34
2. Rafbúnaður	450	603	34
3. Kælikerfi fyrir loftkælingu	300	402	34
4. Hús	110	132	20
5. Girðingar, lagfæring á lóð o.p.h.	50	60	20
6. Uppsetning	<u>200</u>	<u>226</u>	13
	2.560	3.366	
Ófyrirséð 15% á (3), (4), (5) og (6)	<u>100</u>	<u>123</u>	
	2.660	3.489	
Hönnun og umsjón	<u>150</u>	<u>167</u>	11
	<u><u>2.810</u></u>	<u><u>3.656</u></u>	30.1

Olfukostnaður var áætlaður 52 aur.
á kW-stund í ársbyrjun 1966.

Hækkun á olfuverði frá jan. '66 til byrjunar '67 nam 38%.
Verð það er nú gildir er bráðabirgða og hækkar væntanlega
bráðlega, þannig að hækkunin verði a.m.k. 48% í ársbyrjun
1968 frá jan. 1966.

Orkustofnun
Raforkudeild

7.12.66

RAFORKUMÁL NORÐUR- OG AUSTURLANDS
REKSTRARKOSTNAÐUR ORKUMANNVIRKJA
JB/sg

	Ársbyrjun 1966 Mkr.	Hækkun %	Ársbyrjun 1968 Mkr.
1. <u>Lagarfossvirkjun 13,2 MW, 2. áfangar</u>			
Viðhald 1. áfanga	1,30	22,5	1,59
Mannahald (1 maður m aðstoð við og við)	0,35	13	0,39
Samtals 1. áfangi	1,65		1,98
Viðhald 2. áfangi	0,20	22,5	0,24
2. <u>Lína Laxá-Egilsstaðir, 132 kV, 21 MW flutningsgeta við 5% afltöp</u>			
Viðhald og eftirlit	0,50	23,7	0,62
Tómgangsorkutöp	0,12	20,4	0,14
Samtals	0,62		0,76
3. <u>Lína Akureyri-Sauðárkrókur, 66 kV; 7 MW flutningsgeta við 5% afltöp</u>			
Viðhald og eftirlit	0,30	23,1	0,37
4. <u>Svartárvirkjun, 3,8 MW (Blað frá 28.11.'66)</u>			
Viðhald	0,60	22,5	0,74
Mannahald (svarandi til 1 manns)	0,35	13	0,41
Samtals	0,95		1,15
5. <u>Laxárvirkjun; Gljúfurver.</u>			
Viðhald 1. áfangi	1,60	22,2	1,95
" 2. "	0,75	18,4	0,89
" 3. "	0,65	18,0	0,77
Mannahald: Engin viðbót frá núv. virkjun	0	.	0
6. <u>Jarðgufuorkuver, 5 MW</u>			
Viðhald borhola (3 virkar borholur)	0,30	20	0,36
" annara mannvirkja gufuveitu	0,14	29	0,18
" aflsstöðvar	0,42	20	0,50
Gæzla gufuveitu og aflsstöðvar	0,30	13	0,34
Stjórn og alm. kostn. gufuveitu og aflsstöðvar	0,20	13	0,23
Samtals	1,36	.	1,61
7. <u>Jarðgufustöð 15 MW</u>			
Viðhald borhola (5 virkar borholur)	0,50	20	0,60
" annarra mannvirkja gufuveitu	0,31	29	0,40
" aflsstöðvar	0,64	20	0,77
Gæzla gufuveitu og aflsstöðvar	0,30	13	0,34
Stjórn og alm.kostn. gufuveitu og aflsst.	0,20	13	0,23
Samtals	1,95	.	2,34
8. <u>Breytilegur kostnaður dísilstöðva</u>			
Viðhaldskostnaður á kW í ástimpluðu afli			100 kr/ári
Ólíukostnaður			80 au/kWh
9. <u>Rekstrarkostnaður álagsstjórnar á Austurlandi</u>			
Ef Lagarfoss er virkjaður (frá og með 6. ári eftir virkjun)			0,50 Mkr./ári
Ef lögb er lína frá Laxá (frá og með 1. ári eftir línulögn)			0,80 "

Orkustofnun
RaforkudeildVIRKJUN LAGARFOSS, TVEIMUR ÁFÖNGUM
ÁKVÖRÐUN Á STOFNKOSTNAÐI TLL
NOTKUNAR VIÐ KOSTNAÐARÚTREIKNING
ORKU
ESI/JB/sg

7.11.67

<u>Verðgrundvöllur: Jan 1966</u>	Fyrri áfangi Mkr.	Síðari áfangi Mkr.	Sam- tals Mkr.
<u>Vinnsluvirki</u>			
(1) Stífla á neðra stíflustæði (áætlun STh. okt. 1967)	21,44	-	21,44
(2) Aðrennslisskurður (Áætlun STh. júlí '67 m. br. ESI & JB)	7,18	-	7,18
(3) Inntak og þrýstivatnsstokkar (áætlun STh. júlí '67)	6,77	6,97	13,74
(4) Stöðvarhús og frárennsli (áætlun STh. júlí '67)	6,71	6,31	13,02
(5) Vélar og rafbúnaður (áætlun STh. júlí 1967) (6,6 MW)	21,00	19,80	40,80
(6) Íbúðarhús stöðvarvarðar (1 vörður + gistiaðstaða) (St.Ól. ág.)	1,50	-	1,50
(7) Vegagerð (umframkostn. v. virkjunar eing.)	1,00	-	1,00
(8) Innréttingar á vinnustað (áætl. STh. m. breyt. ESI & JB)	7,30	2,00	9,30
	72,90	35,08	107,98
12% á (1) + (2) + (3) + (4) + (8)	5,93	1,84	7,77
5% á (5)	1,05	0,99	2,04
20% á (6) + (7)	0,50	-	0,50
	80,38	37,91	118,29
9% umsjónarkostnaður	7,23	3,41	10,64
Undirbúningsranns. til viðb. því sem þegar er gert	2,50	-	2,50
Land, vatnsrétt., bótagreiðslur og ýmisl.	4,00	1,00	5,00
Vinnsluvirki samtals	94,11	42,32	136,43

2.

	Fyrri áfangi Mkr.	Síðari áfangi Mkr.	Sam- tals Mkr.
<u>Flutningsvirki (Prósentur innifaldar)</u>			
Tengivirki við Lagarfoss, án spennis (66 kV háspennumegin)	1,91	-	1,91
Spennir 7,5 MVA 6,3/33 kV	1,12	-	1,12
Lína Lagarfoss-Eiðar, byggð fyrir 66 kV einangruð í byrjun fyrir 33 kV, 85 mm ² Cu 16 km á 234 kkr	3,75	-	3,75
Spennir á Eiðum, 300 kVA, 33/11 kV	0,50	-	0,50
Viðbót við 33 kV tengivirki á Egilsstöðum	0,10 ¹⁾	-	0,10
Spennir við Lagarfoss, 15 MVA, 6,3/66 kV	-	2,00	2,00
Hækkun einangrunar á línu Lagarf.-Eiðar úr 33 í 66 kV, 16 km á 6 kkr.	-	0,10	0,10
Lína Eiðar-Egilsstaðir, 66 kV, 13 km á 238 kkr.	-	3,11	3,11
66 kV tengivirki á Egilsstöðum; viðbót v. línu	-	1,75 ²⁾	1,75
+ Seldur 7,5 MVA Lagarfosspennir 1. áfanga	-	+ 0,75	+ 0,75
Flutningsvirki alls	7,38	6,21	13,59
Vinnslu- og flutningsvirki	101,49	48,53	150,02

1) Þessi virki eru að nokkru fyrir hendi

2) Plagg frá 23.5.67, að frátöldum 33 kV búnaði þar.

Athugasemd: Yfirlit þetta er í meginatriðum byggt á áætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen um tveggja áfanga Lagarfossvirkjun frá júlí 1967, en stuðst var jafnframt við áætlun Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar frá ágúst '67. Áætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen var mun meira sundurliðuð og ítarlegri en hin og augljóslega meira unnin.

Orkustofnun hefur gert ítarlegan samanburð á þessum tveimur áætlunum, og m.a. rætt við báða aðila um einstaka liði, og kallað til ráðuneytis sérfræðinga frá öðrum verkfræðistofum. Að vandlega athuguðu máli telur Orkustofnun áætlun Sigurðar Thoroddsen betri að gæðum en áætlun Stefáns Ólafssonar, og hefur því byggt á áætlun Sigurðar í meginatriðum.

HÁSPENNULÍNA LAXÁ EGILSSTAÐIR 163 KM

75% byggt skv. sanskum normum

25% - - Sogslínu -

132 kV 3 vírar á tvöföldum staurVerðlag Jan. 1966

22.1.66		JB/ESI/sg						
Atriði	Vírtegund og koparigildi	Pernice 70 mm ²	Coyote 80 mm ²	Alloy 19 85	Partr. 85	Ostrich 95	Linnet 107	Zigolo 120
<u>1. Efni</u>								
1.1	(0.75 SVN+0,25·SOG) $\frac{1,04}{1,12}$, kkr/km	132	140	140	143	147	152	161
1.2	Tollar	48,5	53,4	53,4	53,4	55,2	58,9	65,5
1.3	Söluskattur	13,5	14,5	14,5	14,7	15,2	15,8	17,0
1.4	SAMTALS, kkr/km	194,0	207,9	207,9	211,1	217,4	226,7	243,5
<u>2. Vinna</u>								
2.1	(0,75 SVN+0,25·SOG) $\frac{1,04}{1,12}$, kkr/km	86,5	89,0	87,0	89,7	90,3	94,3	94,5
2.2	Launaskattur	1,7	1,8	1,7	1,8	1,8	1,9	1,9
2.3	Söluskattur	6,6	6,8	6,7	6,9	6,9	7,3	7,3
2.4	SAMTALS	94,8	97,6	95,4	98,4	99,0	103,5	103,7
2.5	Hagnaður (verktaka, ef útboð) 20%	19,0	19,6	19,1	19,7	19,8	20,7	20,7
	SAMTALS, 1 og 2, kkr/km	307,8	325,1	322,4	329,2	336,2	350,9	367,9
3.1	Varaefni, 5% af 1.4	9,7	10,4	10,4	10,5	10,8	11,3	12,1
3.2	Vinnutafir 15% af 2.4	14,2	14,7	14,3	14,8	14,8	15,5	15,5
4.0	Kostnaður alls, kkr/km	331,7	350,2	347,1	354,5	361,8	377,7	395,5
4.1	4.0+1.2+1.3+2.3, kkr/km	263,1	275,5	272,5	279,5	284,5	295,7	305,7
5.1	Heildarkostnaður m. tollum, Mkr.	54,0	57,1	56,6	57,8	59,0	61,5	64,4
5.2	" " án tolla, Mkr.	42,9	44,9	44,4	45,6	46,4	48,2	49,8
6.0	Hönnun Mkr.	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0
7.0	SAMTALS LÍNA, m. toll. Mkr.	57,0	60,1	59,6	60,8	62,0	64,5	67,4
7.1	" " , án tolla "	45,9	47,9	47,4	48,6	49,4	51,2	52,8
	Endabúnaður Laxá, m. toll. Mkr.	9,4	9,4	9,4	9,4	9,4	9,4	9,4
	" " án " "	6,8	6,8	6,8	6,8	6,8	6,8	6,8
	Endabún. Egilsstöðum m.t. Mkr.	9,7	9,7	9,7	9,7	9,7	9,7	9,7
	" " án t. Mkr.	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0
	ALLS MED TOLLUM, Mkr.	76,1	79,2	78,7	79,9	81,1	83,6	86,5
	" AN TOLLA, Mkr.	59,7	61,7	61,2	62,4	63,2	65,0	66,6
	Viðbót v. lengingar úr 163 í 164,5 km (án tolla) Mkr.					0,5		
	Reaktorar við Laxá og Egilsstaði (án tolla) Mkr.					2,5		
	Heildarkostnaður Mkr.					66,2		

ÆTLUN UM 5 OG 15 MW JARÐGUFUSTÖÐ
Á NÁMAFJALLI, ENDURSKOÐUÐ EFTIR
ÁBENDINGUM ORKUSTOFNUNAR
JB/sg

Verðlagsgrundvöllur: Apríl 1967

5
MW15
MWVINNSLUVIRKI

1. Innréttingar á vinnustað	Mkr.	0,60	0,60
2. Borholur, dýpt 700 m ásamt fóðrun á 2,00 Mkr./holu	"	8,00	12,00
3. Borholubúnaður, 0,4 Mkr. á virka borholu	"	1,20	2,00
4. Búnaður vegna prófana á borholum	"	0,20	0,30
5. Vegagerð og jarðvinna	"	0,40	0,80
6. Gufuæðar, uppsettar	"	2,10	5,50
7. Stöðvarhús með krana	"	1,60	1,90
8. Vélaundirstöður, gufuháfur o.fl.	"	1,00	1,90
9. Vélar og rafbúnaður í stöð	"	8,40	13,60
10. Uppsetning véla; prófanir þeirra og þjálfun gæzlum.	"	0,60	0,70

GRUNNKOSTNAÐUR

Mkr. 24,10 39,30

11. Ófyrirséð:

10% af (1), (5), (7), (8), (10)	"	0,42	0,59
20% af (2)	"	1,60	2,40
5% af (3), (4), (6), (9)	"	0,59	1,07

BEINN KOSTNAÐUR,

Mkr. 26,71 43,36

12. Verkfræðipjónusta og eftirlit	"	2,00	2,65
13. Undirbúningsrannsóknir	"	0,40	0,50
14. Íbúðarhús stöðvarvarðar	"	1,30	1,30

HEILDARKOSTNAÐUR VINNSLUVIRKJA

Mkr. 30,41 47,81

FLUTNINGSVIRKI (Prosentur innifaldar)

1. Spennistöð, 10,5/132 kV	Mkr.	4,40	5,40
2. Jarðstrengur frá stöð að spennist. 1 km	"	1,00	2,30

HEILDARKOSTN. STÖÐVAR

Mkr. 35,81 55,51

KOSTNAÐARÉATLUN UM HÁSPENNULÍNU AKUREYRI-
SAUÐÁRKRÓKUR (112 KM LÍNA)
66 KV LÍNA, 3 VÍRAR, Á TVÖFÜLDUM STAURUM.
ÖLL REIKNUÐ EFTIR SÆNSKUM NORMUM
LÍNULEIÐ: ÖXNADALSHEIDI
VERDLAGSGRUNÐVÖLLUR: JAN. 1966
JB/ESI/sg

27.1.1966

Atriði	Vír og koparígildi, mm ²	Pernice	Leopard	Part- ridge	Alloy 19	Ostrich
		70	80	85	85	95
1. Efni						
1.1 1·SVN · $\frac{1,04}{1,12}$	kkkr/km	107,0	115,0	115,0	111,6	118,2
1.2 Tollar	kkkr/km	} 37,0	44,0	43,0	41,0	45,0
1.3 Söluskattur	kkkr/km					
1.4 Samtals, efni	"	144,0	159,0	158,0	152,6	163,2
2. Vinna						
2.1 1·SVN · $\frac{1,00}{1,10}$	kkkr/km	68,2	67,0	67,2	65,5	68,2
2.2 Launaskattur	"	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5
2.3 Söluskattur	"	5,2	5,1	5,1	5,0	5,2
2.4 Samtals, vinna	"	73,9	72,6	72,8	71,0	73,7
2.5 Hagnaður (verktaka, ef útboð)	"	14,8	14,5	14,6	14,2	14,7
Samtals 1 og 2	kkkr/km	232,7	246,1	245,4	237,8	251,6
3.1 Varaefni 5% af 1.4	"	7,2	7,9	7,9	7,6	8,1
3.2 Vinnutafir, 15% af 2.4	"	11,1	10,9	10,9	10,6	11,1
4.0 Samtals 1, 2 og 3	kkkr/km	251,0	264,9	264,2	256,0	270,8
4.1 Án tolla, þ.e. (4.0+1.2+1.3+2.3)	"	208,8	215,8	216,1	210,0	220,6
5.1 Efnis- og vinnukostnaður línunnar, m. toll. Mkr.		28,20	29,60	29,50	28,75	30,35
5.2 Sama, án tolla, Mkr.		23,25	24,20	24,30	23,50	24,70
6.0 Hönnun Mkr.		3,00	3,00	3,00	3,00	3,00
7.0 Línukostnaður alls, án endabún. m. toll. Mkr.		31,20	32,60	32,50	31,75	33,35
7.1 " " " " , án tolla Mkr.		26,25	27,20	27,30	26,50	27,70
8.0 Endabúnaður Akureyri, m. tollum Mkr.		1,62	1,62	1,62	1,62	1,62
8.1 Endabúnaður " án tolla Mkr.		1,24	1,24	1,24	1,24	1,24
9.0 Endabúnaður Sauðárkróki, m. tollum Mkr.		7,20	7,20	7,20	7,20	7,20
9.1 Endabúnaður " , án tolla Mkr.		5,29	5,29	5,29	5,29	5,29
10.0 Línukostnaður með endabúnaði, m. toll. Mkr.		40,02	41,42	41,32	40,57	42,17
10.1 Línukostnaður með endabúnaði, án tolla Mkr.		32,78	33,73	33,83	33,03	34,23

Línukostnaður með endabúnaði,
án tolla, við 7,0 MW flutningsgetu
við 5% afltöpp, Mkr.

34,36

STOFNKOSTNAÐUR 3,8 MW
SVARTÁRVIRKJUNAR SKV. ÁÆTLUN
THEÓRDÓRS ÁRNASONAR OG
ÁSGEIRS SÆMUNDSSONAR
FRÁ ÁGÚST 1967
VERÐLAGSGRUNÐVÖLLUR: JAN. 1966
JB/sg

Des. 1967

Vinnsluvirki:



Jarðstífla	7,00 Mkr.	
Vatnsvegir	6,20 -	
Stöðvarhús	3,00 -	
Vegagerð	1,00 -	
Innréttingar á vinnustað	2,50 -	
Íbúðarhús	<u>1,00 -</u>	20,70 Mkr.
15% ófyrirséð		3,10 -
Vélar og rafbúnaður	11,50 -	
5% ófyrirséð	<u>0,60 -</u>	12,10 -
		<hr/>
Samtals		35,90 Mkr.
Umsjón 9%		<u>3,20 -</u>
		<hr/>
Vinnsluvirki samtals		39,10 Mkr.

Flutningsvirki

Háspennulína til Sauðárkróks m. tilh. (prosentur innifaldar)		6,20 Mkr.
		<hr/>
SAMTALS		45,30 Mkr.



FYLGISKJAL 18

Orkukostnaðar frá Lagerfossvirkjun fyrir Austurland eitt, eftir virkjunarstærð og orkuspám
Verógrunvöllur: Jan. 1966





BREYTING MEDALORKUKOSTNAÐAR VIÐ
 MISMUNANDI UPPSETT AFL

FLGÍSKJAL 19
 Orkukostnaður frá ýmsum orkuvalkostnum
 fyrir samtengt svæði
 Orkusþá 125



BREYTING MEDALORKUKOSTNAÐAR VIÐ
MISMUNANDI UPPSETT AFL



FYLGISKJAL 20

ORKUSPÁR

1. LAXÁRSVÆÐIÐ

Orkuspá 1					Orkuspá 2			
Ár	Almenn notkun GWh	Kísilgúr- vinnsla GWh	Hitun GWh	Samtals GWh	Almenn notkun GWh	Kísilgúr- vinnsla GWh	Hitun GWh	Samtals GWh
1965	34,91	0,00	34,76	69,67	34,91	0,00	33,70	68,61
1966	36,94	0,00	36,49	73,43	36,94	0,00	34,30	71,24
1967	40,00	0,00	38,32	78,32	40,00	0,00	34,92	74,92
1968	43,33	0,95	40,23	84,51	43,33	0,95	35,55	79,83
1969	46,92	1,26	42,24	90,42	46,92	1,26	36,19	84,37
1970	48,94	1,58	44,36	94,88	48,94	1,58	36,84	87,36
1971	51,04	1,72	46,57	99,33	51,04	1,72	37,50	90,26
1972	53,24	2,19	48,90	104,33	53,24	2,19	38,18	93,61
1973	55,53	2,43	51,35	109,31	55,53	2,43	38,86	96,82
1974	57,91	2,94	53,92	114,77	57,91	2,94	39,56	100,41
1975	61,27	3,48	56,61	121,36	61,27	3,48	40,28	105,03
1976	64,83	3,83	59,44	128,10	64,83	3,83	41,00	109,66
1977	68,59	3,83	62,41	134,83	68,59	3,83	41,74	114,16
1978	72,57	3,83	65,53	141,93	72,57	3,83	42,49	118,89
1979	76,77	3,83	68,81	149,41	76,77	3,83	43,26	123,86
1980	81,23	3,83	72,25	157,31	81,23	3,83	44,03	129,09
1981	85,94	3,83	75,86	165,63	85,94	3,83	44,83	134,60
1982	90,92	3,83	79,66	174,41	90,92	3,83	45,63	140,38
1983	96,20	3,83	83,64	183,67	96,20	3,83	46,45	146,48
1984	101,78	3,83	87,82	193,43	101,78	3,83	47,29	152,90
1985	107,68	3,83	92,21	203,72	107,68	3,83	48,14	159,65
1986	113,92	3,83	96,82	214,57	113,92	3,83	49,01	166,76
1987	120,53	3,83	101,67	226,03	120,53	3,83	49,89	174,25
1988	127,52	3,83	106,75	238,10	127,52	3,83	50,79	182,14
1989	134,92	3,83	112,09	250,84	134,92	3,83	51,70	190,45
1990	142,74	3,83	117,69	264,26	142,74	3,83	52,63	199,20
1991	151,02	3,83	123,58	278,43	151,02	3,83	53,58	208,43
1992	159,78	3,83	129,75	293,36	159,78	3,83	54,54	218,15
1993	169,05	3,83	136,24	309,12	169,05	3,83	55,53	228,41
1994	178,85	3,83	143,05	325,73	178,85	3,83	56,53	239,21
1995	189,22	3,83	150,21	343,26	189,22	3,83	57,54	250,59
1996	200,20	3,83	157,72	361,75	200,20	3,83	58,57	262,60
1997	211,81	3,83	165,60	381,24	211,81	3,83	59,63	275,27
1998	224,10	3,83	173,88	401,81	224,10	3,83	60,71	288,64
1999	237,10	3,83	182,58	423,51	237,10	3,83	61,80	302,73
2000	250,85	3,83	185,86	440,54	250,85	3,83	62,91	317,59

Orkusþá 2					Orkusþá 3				Orkusþá 5					Orkusþá 6					
Alm. notk. GWh	Fisk- iðn. GWh	Síðar- iðn. GWh	Sam- tals GWh		Alm. notk. GWh	Fisk- iðn. GWh	Síðar- iðn. GWh	Sam- tals GWh		Alm. notk. GWh	Fisk- iðn. GWh	Síðar- iðn. GWh	Hús- hitun GWh	Sam- tals GWh	Alm. notk. GWh	Fisk- iðn. GWh	Síðar- iðn. GWh	Hús- hitun GWh	Sam- tals GWh
1965	6,80	3,00	8,30	18,10	6,80	3,00	8,30	18,10		6,80	3,00	8,30	-	18,10	6,80	3,00	8,30	-	18,10
1966	7,28	3,06	10,46	20,80	7,07	3,00	8,30	18,37		7,28	3,06	10,46	-	20,80	7,07	3,00	8,30	-	18,37
1967	7,79	3,12	12,55	23,46	7,35	3,00	8,30	18,65		7,79	3,12	12,55	-	23,46	7,35	3,00	8,30	-	18,65
1968	8,33	3,18	14,31	25,82	7,64	3,00	8,30	18,94		8,33	3,19	14,31	-	25,83	7,64	3,00	8,30	-	18,94
1969	8,91	3,24	15,45	27,60	7,95	3,00	8,30	19,25		8,91	3,24	15,45	-	27,60	7,95	3,00	8,30	-	19,25
1970	9,53	3,30	15,76	28,59	8,27	3,00	8,30	19,57		9,53	3,30	15,76	0,19	28,78	8,27	3,00	8,30	0,16	19,73
1971	10,20	3,37	16,08	29,65	8,60	3,00	8,30	19,90		10,20	3,37	16,08	0,41	30,06	8,60	3,00	8,30	0,34	20,24
1972	10,91	3,44	16,40	30,75	8,94	3,00	8,30	20,24		10,91	3,44	16,40	1,09	31,84	8,94	3,00	8,30	0,89	21,13
1973	11,67	3,51	16,73	31,91	9,30	3,00	8,30	20,60		11,67	3,51	16,73	2,33	34,24	9,30	3,00	8,30	1,86	22,46
1974	12,49	3,58	17,06	33,13	9,67	3,00	8,30	20,97		12,49	3,58	17,06	4,11	37,24	9,67	3,00	8,30	3,19	24,16
1975	13,36	3,65	17,40	34,41	10,06	3,00	8,30	21,36		13,36	3,65	17,40	6,68	41,09	10,06	3,00	8,30	5,03	26,39
1976	14,30	3,72	17,75	35,77	10,46	3,00	8,30	21,76		14,30	3,72	17,75	10,73	46,50	10,46	3,00	8,30	7,85	29,61
1977	15,30	3,79	18,10	37,19	10,88	3,00	8,30	22,18		15,30	3,79	18,10	13,77	50,96	10,88	3,00	8,30	9,79	31,97
1978	16,37	3,87	18,46	38,70	11,32	3,00	8,30	22,62		16,37	3,87	18,46	15,88	54,58	11,32	3,00	8,30	10,98	33,60
1979	17,52	3,95	18,83	40,30	11,77	3,00	8,30	23,07		17,52	3,95	18,83	17,52	57,82	11,77	3,00	8,30	11,77	34,84
1980	18,74	4,03	19,21	41,98	12,24	3,00	8,30	23,54		18,74	4,03	19,21	18,74	60,72	12,24	3,00	8,30	12,24	35,78
1981	20,05	4,11	19,59	43,75	12,73	3,00	8,30	24,03		20,05	4,11	19,53	20,05	63,74	12,73	3,00	8,30	12,73	36,76
1982	21,45	4,19	19,98	45,62	13,24	3,00	8,30	24,54		21,45	4,19	19,98	21,45	67,07	13,34	3,00	8,30	13,34	37,98
1983	22,95	4,27	20,38	47,60	13,77	3,00	8,30	25,07		22,95	4,27	20,38	22,95	70,55	13,77	3,00	8,30	13,77	38,84
1984	24,56	4,36	20,70	49,62	14,32	3,00	8,30	25,62		24,56	4,36	20,79	24,56	74,27	14,32	3,00	8,30	14,32	39,94
1985	26,28	4,45	21,21	51,94	14,89	3,00	8,30	26,19		26,28	4,45	21,21	26,28	78,22	14,89	3,00	8,30	14,89	41,08
1986	28,12	4,54	21,63	54,29	15,49	3,00	8,30	26,79		28,12	4,54	21,63	28,12	82,41	15,49	3,00	8,30	15,49	42,28
1987	30,09	4,63	22,06	56,78	16,11	3,00	8,30	27,41		30,09	4,63	22,06	30,09	86,87	16,11	3,00	8,30	16,11	43,52
1988	32,20	4,72	22,50	59,42	16,75	3,00	8,30	28,05		32,20	4,72	22,50	32,20	91,62	16,75	3,00	8,30	16,75	44,80
1989	34,45	4,81	22,95	62,21	17,42	3,00	8,30	28,72		34,45	4,81	22,95	34,45	96,66	17,42	3,00	8,30	17,42	46,14
1990	36,86	4,91	23,41	65,18	18,12	3,00	8,30	29,42		36,86	4,91	23,41	36,86	101,68	18,12	3,00	8,30	18,12	47,54
1991	39,44	5,01	23,88	68,33	18,84	3,00	8,30	30,14		39,44	5,01	23,88	39,44	107,77	18,84	3,00	8,30	18,84	48,98
1992	42,20	5,11	24,36	71,67	19,59	3,00	8,30	30,89		42,20	5,11	24,36	42,20	113,87	19,59	3,00	8,30	19,59	50,48
1993	45,15	5,21	24,85	75,21	20,37	3,00	8,30	31,67		45,15	5,21	24,85	45,15	120,36	20,37	3,00	8,30	20,37	52,04
1994	48,31	5,31	25,35	78,97	21,18	3,00	8,30	32,48		48,31	5,31	25,35	48,31	127,28	21,18	3,00	8,30	21,18	53,66
1995	51,69	5,42	25,86	82,97	22,03	3,00	8,30	33,33		51,69	5,42	25,86	51,69	134,66	22,03	3,00	8,30	22,03	55,36
1996	55,31	5,53	26,38	87,22	22,91	3,00	8,30	34,21		55,31	5,53	26,38	55,31	142,53	22,91	3,00	8,30	22,91	57,12
1997	59,18	5,64	26,90	91,72	23,83	3,00	8,30	35,13		59,18	5,64	26,90	59,18	150,90	23,83	3,00	8,30	23,83	58,96
1998	63,32	5,75	27,44	96,51	24,78	3,00	8,30	36,08		63,32	5,75	27,44	63,32	159,83	24,78	3,00	8,30	24,78	60,86
1999	67,75	5,86	27,99	101,60	25,77	3,00	8,30	37,07		67,75	5,86	27,99	67,75	169,35	25,77	3,00	8,30	25,77	62,84
2000	72,49	5,98	28,55	107,02	26,80	3,00	8,30	38,10		72,49	5,98	28,55	72,49	179,51	26,80	3,00	8,30	26,80	64,90

FYLGISKJAL 20

ORKUSPÁR

2. AUSTURLAND

(Fiskur og síld: stöðnun
Alm. notkun vex 5%)

Ártal	O r k u s p á 8					Orkuspá 7 (=0-8 án hitunar) GWh
	Alm. 5% notkun GWh	Fisk- iðn. GWh	Síldar- iðn. GWh	Hús- hitun GWh	Sam- tals GWh	
67	7,79	3,12	12,55	0,00	23,46	23,46
68	8,18	-	-	-	23,85	23,85
69	8,59	-	-	-	24,26	24,26
70	9,02	-	-	0,18	24,87	24,69
71	9,47	3,12	12,55	0,38	25,52	25,14
72	9,94	-	-	0,99	26,60	25,61
73	10,44	-	-	2,09	28,20	26,11
74	10,96	-	-	3,60	30,23	26,63
75	11,51	-	-	5,76	32,94	27,18
76	12,08	3,12	12,55	9,08	36,83	27,75
77	12,69	-	-	11,40	39,76	28,36
78	13,32	-	-	12,90	41,89	28,99
79	13,99	-	-	13,99	43,65	29,66
80	14,69	-	-	14,69	45,05	30,36
81	15,42	3,12	12,55	15,42	46,51	31,09
82	16,19	-	-	16,19	48,05	31,86
83	17,00	-	-	17,00	49,67	32,67
84	17,85	-	-	17,85	51,37	33,52
85	18,75	-	-	18,75	53,17	34,42
86	19,68	3,12	12,55	19,68	55,03	35,35
87	20,67	-	-	20,67	57,01	36,34
88	21,70	-	-	21,70	59,07	37,37
89	22,79	-	-	22,79	61,25	38,46
90	23,93	-	-	23,93	63,53	39,60
91	25,12	3,12	12,55	25,12	65,91	
92	26,38	-	-	26,38	68,43	
93	27,70	-	-	27,70	71,07	
94	29,08	-	-	29,08	73,83	
95	30,54	-	-	30,54	76,75	
